



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Vorönn 2024

STÆR1AJ05

Algebra og jöfnur
Námsáætlun

Kennarar:	Kjartan Ólason Ægir Sigurðsson kjartan@fsu.is	KÓ ÆS
Netföng:	aegirsig@fsu.is	

Markmið áfangans:

Að þjálfra rökræna hugsun nemenda og að efla reikningslega færni þeirra með því að veita þeim innsýn í reiknireglur og notkun þeirra.

Kennslubók og önnur hjálpargögn:

Stærðfræði 1 eftir Gísli Bachmann Helga Björnsdóttir útgáfa 2023

Ítarefni sótt í aðrar bækur eða samið af kennurum.

Vasareiknivél-scientific. (Ekki fartölvur eða gsm-síma)

Nemendum er bent á að notfæra sér stærðfræðivefina youcubed.org, rasmus.is og Wolfram Alpha.com

Áfangalýsing:

Lagður er grunnur að öguðum vinnubrögðum, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna og þrauta. Megin viðfangsefni eru upprifjun á talnameðferð, einfaldur bókstafareikningur, prósentureikningur og jöfnur.

Námsmat:

Annareinkunn gildir 30% af lokaeinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi. Í áfanganum eru 4 lotur.

vægi lokaprófs er:	70 %
vægi annareinkunnar er:	30 %

Nái nemandi meðaleinkunn **6,0** eða hærra í öllum lotuprófunum og nái sérhverju þeirra. (4,5) Skilað öðrum verkefnum tímanlega og fengið meðaleinkunn **6,0** eða hærra í þeim. Mætt vel í kennslustundir og verið vel virkir í námi alla önnina, þá er möguleiki fyrir hann að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn. Annareinkun reiknast þannig: lotupróf 70% og verkefni 30%.

Lotupróf - Verkefnaskil

Á önninni verða lögð fyrir 4 **lotupróf** og nokkur **tímaverkefni/æfingaverkefni**. Nemendum ber að taka öll lotuprófin og skila öllum verkefnum á réttum tíma. Forfallist nemandi í lotuprófi vegna veikinda eða annarra löggildra ástæðna verður hann að taka veikinda/forfallapróf í samráði við kennara við fyrsta tækifæri. Sé lotupróf ekki tekið eða heimaverkefni ekki skilað þá er gefin einkunnin núll fyrir það.

Áætlun um yfirferð og kennslu á önninni

Lota:	Vika	Efnisatriði	Blaðsíðutal	
1	1-5	Kaflar 1-2	1-38	Lotupróf 1 í lok 5. viku.
2	6-9	Kaflar 3-4	39-57	Lotupróf 2 í lok 9. viku.
3	10-12	Kaflar 5-6	60-78	Lotupróf 3 í lok 12. viku.
4	14-18	Kaflar 6-7	79-94	Lotupróf 4 í 18. viku
	19.vika	Upprifjun		

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Athugasemdir og skýringar:

Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mínútur jafngildir **F**.

Nemandi skal ávallt mæta í kennslustundir með þann búnað sem til þarf. Ef út af þessu bregður getur kennari skráð **F** á viðkomandi nemanda. Stærðfræðitímar eru fyrst og fremst vinnutímar, notkun farsíma og fartölva er þar af leiðandi ekki leyfð. Þar sem krafist er útreikniga en nemandi skilar einvörungu svari er möguleiki á að fá hálfan fyrir svarið.

F.Su. 4.1. 2024

Með fyrirvara um breytingar og ósk um góðan árangur á önninni,

Kjartan Ólason (KÓ),
Ægir Sigurðsson (ÆS)